



Reykjavík 9. janúar 2022

Efni: Greinargerð um tillögu að nýjum lögum SVFR

Inngangur

Stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur (hér eftir SVFR) hefur að undanfögnu unnið að endurskoðun á lögum félagsins. Hefur stjórn félagsins m.a. í því tilliti notið aðstoðar Þórólfs Halldórssonar, sem komið hefur með gagnlegar ábendingar er nýst hafa í þessari vinnu. Mikilvægt er að lög félagsins taki ávallt mið af þeim breytingum sem verða úti í samfélaginu og geta haft áhrif á starfsemi félagsins. T.a.m. hefur heimsfaraldur sá er nú stendur yfir sýnt fram á nauðsyn þess að unnt sé að viðhafa rafrænar kosningar til trúnaðarstarfa í félaginu. Slíkar hugmyndir komu þó fyrst fram fyrir nokkrum árum og verður að telja óumdeildar. Þá hefur stjórn félagsins ákveðið að setja fram tvær tillögur að því er varðar annars vegar stjórn og stjórnarkosningu og hins vegar að því er varðar fulltrúaráð félagsins. Er það því félagsmanna að ákveða hvora leiðina þeir vilji styðja, eða eftir atvikum koma fram með nýja tillögur í þeim efnum.

Hér á eftir verður farið stuttlega yfir hverja grein fyrir sig, þ.e. tiltekið að hvaða leyti tillögurnar eru frábrugðnar núgildandi lögum.

1. GR.

Greinin er samhljóðandi núverandi 1. gr. laganna að öðru leyti en því að varnarþing félagsins er tilgreint.

2. GR.

2. gr. tekur mjög litlum breytingum, nema sérstaklega er tilgreint að tilgangur félagsins sé m.a. að gæta hagsmuna félagsmanna aukinheldur sem málsgreinar í núverandi 2. gr. eru færðar í stafliði.

3. GR.

3. gr. er að stærstum hluta óbreytt nema því er bætt við núverandi grein að í undantekningartilvikum sé stjórn heimilt að samþykkja inngöngu annarra einstaklinga, sem hafa sérstök tengsl við félagið eða langa viðskiptasögu. Þá er jafnframt bætt við núverandi ákvæði áréttingu um að félagsmenn séu skuldbundnir að fara að lögum félagsins.



4. GR.

4. gr. laganna tekur þeim breytingum að inntökugjöld falla niður í félaginu. Er það mat stjórnar að það fyrirkomulag hafi gengið sér til húðar. Hefur það enda verið í almennt umræðu síðustu ára að fella þetta gjald niður. Reglur er varða árgjöld er óbreytt, sem og heimildir til að fella félagsmenn af félagaskrá.

Þá er tekið upp það nýmæli að ef félagsmaður segi sig úr félaginu eða sé felldur af félagaskrá missi hann sjálfkrafa sæti sín í stjórnun, ráðum eða nefndum á vegum félagsins. Verður að telja það eðlilega breytingu, enda eigi þeir aðilar sem gæta trúnaðarstarfa fyrir félagið að vera félagsmenn.

5. GR.

5. gr. er efnislega samhljóða núverandi 5. gr. laganna, að öðru leyti en því að orðalag er gert skýrara.

6. GR. – STJÓRN OG STJÓRNARKOSNING

6. gr. að nýjum lögum varðar stjórn og stjórnarkosningu líkt og nógildandi lög. Hins vegar setur stjórn félagsins fram tvær tillögur að tilvitnaðri lagagrein enda er þar um grundvallarbreytingar að ræða. Tillögurnar eru að mestu leyti samhljóða nema að því er varðar kosningu til stjórnar félagsins. Í tillögu að grundvallarbreytingu er lagt til að stjórnarmenn verði kosnir til þriggja ára, þó þannig að á hverju ári sé kosið um tvo meðstjórnendur. Engar breytingar verða þó að því er varðar kosningu til formanns að þessu leyti, þ.e. hann er kosinn til eins árs. Er þessi breyting m.a. lögð fram vegna sjónarmiða viðsemjanda félagsins sem telji mannabreytingar of tíðar auk þess sem það tekur nýja stjórnarmenn tíma til að komast inn í málefni félagsins. Síðari tillagan, þessu að lútandi, gerir ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi.

Þá er í báðum tillögunum lagt til að skipuð verði þriggja manna kjörnefnd, sem annast skal undirbúning og framkvæmd stjórnarkjörs. Þá er veitt heimild til þess að hafa kosningar til stjórnar rafræna, sem telja verður löngu tímabæra breytingu.

7. GR.

7. gr. fjallar um aðalfund félagsins líkt og í nógildandi lögum. Bætt er við heimild til að halda fundinn á síðari stigum, t.d. vegna almannaheill eða náttúruvár. Í slíkum tilvikum er ennfremur heimilt að fundurinn sé rafrænn. Er þessi breyting eðlileg að mati stjórnar með hliðsjón af tilvitnuðum heimsfaraldri. Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt frá nógildandi lögum.

8. GR.

8. gr. er að öllu leyti samhljóða nógildandi 8. gr. laga SVFR.

9. GR. – FULLTRÚARÁÐ

Að því er varðar 9. gr. tillagna þessara, þá eru lagðar fram tvær tillögur um framtíðarfyrirkomulag. Annars vegar er það tillaga sem felur í sér óbreytt fyrirkomulag að því er varðar skipun ráðsins. Þá er sérstaklega vísað til 4. gr., sem farið var yfir hér að framan, þ.e. að skilyrði setu í fulltrúaráði sé félagsaðild. Þá er jafnframt bætt við hlutverki kjörnefndar auk þess sem tekin er upp heimild til þess að kosningar til fulltrúaráðs séu rafrænar, vísast að öðru leyti hér um til tillagna stjórnar.



Í annan stað er lögð til sú grundvallarbreyting að fulltrúaráð félagsins verði áfram skipað fimm síðustu formönnum sem séu fullgildir félagar, en hins vegar sitji í ráðinu fulltrúar allra nefnda félagsins, þ.m.t. árnefnda. Með því væri búinn til víðfeðmur samstarfsvettvangur þeirra félagsmanna sem starfa í þágu félagsins. Kosningar til fulltrúaráðs féllu þ.a.l. niður.

10. GR. – VERKEFNI STJÓRNAR, STARFSFÓLK OG NEFNDIR

Í 10. gr. er enn að finna verkefni stjórnar, starfsfólks og nefnda. Ákvæðið er að stærstum hluta samhljóða nógildandi 10. gr., en þó er bætt við öryggisventli að því er varðar boð í veiðivatn. Við slíkt boð skuli liggja grundvallar ítarleg greining og mat á fjárhagslegri áhættu sem slíku boði fylgir. Forsendur og mat skulu bókaðar í fundargerð stjórnar. Skal hver stjórnarmaður gera grein fyrir afstöðu sinni.

Þá kemur jafnframt fram sú heimild til stjórnar að stofna til dóttur- eða hlutdeildarféлага ef það þykir þjóna hagsmunum félagsins, t.a.m. til að takmarka áhættu þess, enda hefur veiðileyfamarkaðurinn tekið miklum breytingum hin síðari ár og því mikilvægt að SVFR fylgi þeirri þróun.

11. GR.

11. gr. fjallar um boð í veiðivatn og er ákvæðið óbreytt frá nógildandi lagaákvæði þar um nema skeytt er við setningu er snýr að því að félagsmaður vinni með öðrum hætti gegn hagsmunum félagsins í tengslum við boð eða hugsanleg boð félagsins í veiðivötn.

12. GR. – ÞAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

12. gr. er nýmæli í lögum félagsins og fjallar um þagnar- og trúnaðarskyldu þeirra félagsmanna er starfa fyrir félagið. Er grunnurinn sá að hagsmunir félagsins séu ávallt hafðir í öndvegi og sé um alvarlegt eða ítrekað brot að ræða skal boða til sameiginlegs fundar fulltrúaráðs og stjórnar, sbr. m.a. 13. gr.

13. gr.

13. gr. er að mestu leyti samsvarandi 12. gr. nógildandi laga. Þó er skert á orðalagi og bætt við sjónarmiðum þeim er 12. gr. tillagna þessara vikur að.

14. GR.

14. gr. er að samsvarandi nógildandi 13. gr. og fjallar um útgáfu Veiðimannsins. Þó er bætt við að stjórn félagsins skipi í ritnefnd blaðsins.

15. GR. – LAGABREYTINGAR

15. gr. fjallar um lagabreytingar og er að öllu leyti samhljóða nógildandi 14. gr.

16. GR. – FÉLAGSSLIT

16. gr. varðar félagsslit og er efnislega samhljóða nógildandi 15. gr., nema því er bætt við að aðalfundur ráðstafi eignum félagsins.

17. GR.

17. gr. varðar svo gildistöku laganna og þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði til bráðabirgða (nái tillaga B. að nýrri 6. gr. fram að ganga)

Grein þessi er sólarlagsákvæði og kemur einvörðungu til framkvæmda nái tillaga B að nýrri 6. gr. fram að ganga og tekur til kjörs á meðstjórnendum árin 2022-2023. Árið 2024 fellur bráðabirgðaákvæðið úr gildi og 6. gr. tekur yfir.



Lokaorð

Með vísan til framangreinds leggur stjórn SVFR fram tillögu að nýjum lögum félagsins. Er stjórn félagsins reiðubúin til að veita allar þær upplýsingar er kunna að vakna í þessu sambandi.

Stjórn SVFR